



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um upplýsingagjöf um frístundastarf til foreldra barna með stöðu flóttafólks

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 25. september 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Eru börn og foreldrar barnanna sem eru á flóttu og búa hér, upplýst um réttindi barnanna til að stunda tómstundir og eiga þau rétt á frístundakorti (frístundastyrknum) eins og önnur börn? Hér er átt við börn þar sem foreldrar þeirra hafa sótt um alþjóðlega vernd hér á landi og búa í Reykjavík. Ef þau eru upplýst hvernig fer það þá fram? Hvernig er málunum háttað ef fjölskyldunni er synjað um vernd? Missa börnin þá umrædd réttindi, ef þau voru til staðar fyrir?

Svar:

Umsækjendur um alþjóðlega vernd eru í þjónustu Vinnumálastofnunnar og er Vinnumálastofnun með samning við Reykjavíkurborg um þjónustu við 300 manns. Í þeim samningi fá börn á grunnskólaaldri niðurgreidda þátttöku á frístundaheimili og val um eina íþróttaiðkun. Á vegum Vinnumálastofnunar eru að auki aðrir 500 einstaklingar búsettir í Reykjavík og sækja þau börn skóla. Í þeim hópi barna skilgreinir Vinnumálastofnun að um grunnþjónustu sé að ræða þar sem Reykjavíkurborg fær greitt fyrir börn á skólaskyldualdri fyrir skólagöngu og skólamat en ekki er boðið uppá þátttöku í skipulögðu íþrótta- og frístundastarfi.

Einstaklingar sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd eru utan kerfis á meðan þeir eru í leit að alþjóðlegri vernd sem þýðir að þau eru ekki með kennitölu og hafa ekki beinan aðgang að ákveðinni þjónustu á vegum sveitarfélaga eða ríkis. Frístundakortið byggir á því að börn hafi kennitölu og hafa því umsækjendur um alþjóðlega vernd ekki tök á að nýta sér frístundastyrkinn. Þegar þau fá stöðu flóttafólks og þ.a.l. kennitölu hafa þau strax aðgang að frístundakortinu.

Þegar fólk fær stöðu flóttafólks er unnið samkvæmt *Velkomin í hverfið þitt* þar sem fjölskyldan fær upplýsingar um allt það frístundastarf sem er í boði í hverfinu auk þess sem börnum er boðið uppá gjaldfrjálsa frístund í 3 mánuði yfir vetrartímann og 3 vikur í sumarstarfi fyrsta árið.